

24

27. jan.

REGLUR

um samstarf ritstjórnar ríkisútgáfu námsbóka og fræðslumálastjórnar.

1. gr.

Ráðherra gefur út, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra og ritstjórnar, skrá yfir námsbækur þær, sem nauðsynlegar eru til þess, að uppfyllt verði ákvæði fræðslulaganna um það, sem krafist er til fullnaðarprófs. Jafnframt gera sömu aðilar tillögur um efni og efnismeðferð námsbókanna.

2. gr.

Í hvert skipti, sem gefa þarf út námsbók, skal ríkisútgáfan gera fræðslumálastjóra aðvart. Hafi ekki komið fram óskir til ríkisútgáfu eða fræðslumálastjóra um breytingar á viðkomandi námsbók, má gefa hana út áfram, að öðrum kosti skal fræðslumálastjóri leita álits skólaráðs.

3. gr.

Telji skólaráðið að gefa þurfi út nýja bók í einhverri lögboðinni námsgrein, skal það senda ríkisútgáfunni rökstuddar tillögur um það, ásamt kröfum sínum eða leiðbeiningum um efni og efnismeðferð bókarinnar.

4. gr.

Verði um tvær eða fleiri ólíkar námsbækur að ræða í sömu námsgrein — eða ákveðnar og rökstuddar tillögur komi um að svo verði (sbr. 3. gr.) — skal ríkisútgáfan verða við þeim óskum, eins fljótt og ástæður leyfa.

5. gr.

Ríkisútgáfan ræður, í samráði við fræðslumálastjóra, mann eða menn, til þess að semja námsbækur eða búa undir prentun. Skylt er að senda skólaráði öll handrit til álits og umsagnar.

6. gr.

Ríkisútgáfan annast um útgáfu, frágang og útsendingu námsbókanna. Stærð upplaganna skal ákveðin í samráði við fræðslumálastjóra.

7. gr.

Verði ágreiningur út af reglum þessum, sker kennslumálaráðherra úr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 82 23. júní 1936, um ríkisútgáfu námsbóka, lögum nr. 35 19. maí 1930, um fræðslumálastjórn og lögum nr. 19 7. maí 1928, um fræðslumálanefndir.

Reglur þessar staðfestast hér með.

Í kennslumálaráðuneytinu, 27. janúar 1941.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.